



Allt að 6000 manns skoða Geysissvæðið á sólarhing þegar mest er. Að óbreyttu þolir svæðið ekki þennan fjölda. Nauðsynlegt er að vernda svæðið og tryggja öryggi þeirra sem skoða svæðið.

Upplýsingar um hverasvæðið við Geysi í Haukadal

- Geysissvæðið er eitt þekktasta hverasvæði jarðarinnar. Geysir gefur erlendum hverum nafnið „geyser“ og hveraþrúður kallast „geyserite“ á erlendum málum.
- Hverasvæðið við Geysi í Haukadal er einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins.
- Frá árinu 2000 hefur fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi meira en tvöfaldast. Um 303 þúsund erlendir ferðamenn heimsóttu landið árið 2000 en 637 þúsund árið 2012.
- 72% erlendra ferðamanna sem komu til landsins yfir sumarmánuðina árið 2012 heimsóttu Geysi og 61% þeirra sem komu að vetrarlagi, samkv könnun sem MMR gerði fyrir Ferðamálastofu.
- Fjöldi gesta á hverasvæðinu fer upp tæplega 6000 manns á sólahring þegar mest lætur.
- Miðað við fjölgun ferðamanna undanfarin má gera ráð fyrir að gestir hverasvæðisins verði rúmlega 700 þúsund strax á næsta ári.
- Geysissvæðið er viðkvæmt og þolir ekki að óbreyttu þennan gríðarlega fjölda ferðamanna.
- Því fer fjarri að uppbygging á hverasvæðinu hafi haldist í hendur við þann mikla vöxt sem orðið hefur á fjölda ferðamanna. Svæðið er farið að láta á sjá og liggur nú undir skemmdum.
- Vegna mikils álags ferðamanna hefur Umhverfisstofnun sett svæðið á lista yfir þau verndarsvæði á Íslandi sem eru í mikilli hættu á að tapa verndargildi sínu.
- Hverasvæðið við Geysi í Haukadal er í óskiptri sameign þar sem íslenska ríkið á 33,89% svæðisins en einkaaðilar 66,11%.



Mikilvægt er að ráðast í umfangsmikla uppbyggingu og verndun svæðisins sem allra fyrst. Hér má sjá hvernig gestir hafa skemmt viðkvæmt hveraþrúður Geysis.

- Landeigendur bera ábyrgð á varðveislu svæðisins. Þeim ber að vernda þessa náttúruperlu og tryggja um leið að svæðið verði áfram aðgengilegt og öryggi ferðamanna tryggt eins og kostur er.
- Brýnt er að ráðast sem allra fyrst í umfangsmikla uppbyggingu á svæðinu sem miðar að því að gera það aðgengilegra, stuðla að verndun þess og auka öryggi gesta.
- Í áranna rás hafa eigendur svæðisins borið mikinn kostnað af svæðinu án þess að tekjur hafi komið á móti til að sinna nauðsynlegu viðhaldi og uppbyggingu.
- Til að forða svæðinu frá varanlegum skaða er nauðsynlegt að innheimta hóflegt gjald af ferðamönnum sem verður notað til uppbyggingar og viðhalds á hverasvæðinu.
- Eins og nú er ástatt er hverasvæðið ekki aðgengilegt nema að hluta. Í heildina telur svæðið um 80 hverir en um 70 þeirra eru ekki aðgengilegir ferðafólki vegna aðstöðu- og stígaleysis.
- Skortur á göngustígum kemur einnig í veg fyrir að gestir svæðisins geti skoðað Konungssteinana þrjá sem eru með fallegu tilhöggnu skrautverki. Steinarnir eru til minningar um Íslandsheimsóknir Danakonunga árin 1874, 1907 og 1921.
- Töluverður gróður er utan þess svæðis sem nú er opið ferðamönnum. Á svæðinu eru þekktar 125 tegundir háplantna og yfir 20 mosategundir sem ekki er hægt að njóta við núverandi aðstæður.
- Nauðsynlegt er að hafa starfsfólk á svæðinu á opnunartíma í eftirlits- og öryggisskyni, til að bæta þjónustu við gesti, auka öryggi þeirra og vera þeim til leiðsagnar og leiðbeiningar.
- Á bilinu 8 – 13 störf munu skapast Vvð rekstur hverasvæðisins í nýrri og breyttri mynd, auk fjölda starfa meðan á nauðsynlegri uppbyggingu stendur.
- Íslenska ríkið mun fá í sinn hlut um eða yfir 50% af heildartekjum svæðisins vegna eignarhlusta síns, skatta og annarra gjalda.